

Góðan dag,

Stjórnarfundur 2.maí, Bláa kannan, mættar, Anna Lilja, Anna Sjöfn, Harpa, Fanney Rósa og Elísa.

-Skólaferð 10.bekkjara af hverju er ekki sett inn í samfélagsfræði áætlanagerð fyrir skólaferðinni í upphafi skólaárs og unnið eftir þeirri áætlanagerð allt skólaárið svo þetta sé ekki á höndum foreldra (sala á Facebook) og tveggja kennara, (standa fyrir viðburðum) að safna fyrir ferðinni. Svona samfélagsvinna eflir karkkana, kennir áætlanagerð, er fínasta hópefli, eykur samheldni hópsins, eflir lýðræði, unnið með styrkleika hvers og eins og eykur samkennd innan hópsins, allt væri þetta stórgott samfélagsverkefni innan bekkjarins.

-Við viljum hvetja til að val eftir skóla verði aftur sett á Aðstoð við heimanám þar sem það hjálpaði mörgum að vinna upp áætlanir vikunnar og jafnaði aðstöðu nemanda til náms þannig að krakkar eigi ekki allt undir því hversu vel foreldrarnir eru í stakk búin til að aðstoða þau.

-Hópefli ákveðið í september og í okt. var fenginn utanaðkomandi aðili svo skólastjórnendur og kennarar þyrftu ekki að sjá um skipulag heldur einungis að finna tíma, nú er kominn maí og heldur seint að grípa til hópeflis um allan skóla og brennur þessi peningur 250.000 inni í foreldrafélaginu þetta skólaár. Það eina sem skólastjórnendur þyrftu að gera var að gefa þessu málefni eina viku en það virðist ekki hafa verið hægt sem er mjög miður.

Okkur langar að gera kröfu á að næsta skólaár hefjist með þessu hópefli verði María enn laus til að leiða hópeflið og langar jafnframt að gerð verði krafa á að eins mikilvægt málefni eins og rætt var um í upphafi skólaárs varðandi sundrung í unglunga hópnum í 10.bekk sem allir vildu gera eitthvað í þá, en gerðist svo ekkert þrátt fyrir ýtni foreldrafélagsins, muni ekki endurtaka sig næsta 10.bekkjara skólaár 2022-2023.

-Iðulega þegar foreldrafélagið kom/kemur með hugmyndir/úrbætur/ábendingar er ávallt bent á að erfitt sé að koma hinu eða þessu við þar sem álag á starfsmannahópnum vegna veikinda/covid, er álagið alltaf í skólanum eða er álagið utan skóla á kennurum (í öðrum vinnum)? Naustaskóli er ekki eina fyrirtækið/stofnunin sem hefur orðið fyrir áhrifum vegna Covid og flensu og því ekki endalaust hægt að bera fyrir sig að sé álag, við spyrjum okkur að því í foreldrafélaginu, hvar er álagið á kennara... er það í skólanum eða í öðrum vinnum utan skólavinnunar?

-Hvernig er skipulagið út maí? Við tökum fangnandi hugmyndum frá kennurum/stjórnendum með uppábrott. Eða vita kennarar ekki af okkur og vilja okkar til að bjóða pening í uppábrott?

-Við vildum koma góðgerðardegi á, hann átti að skoða eftir páska en nú eru 3 vikur liðnar frá páskum, hvar er þessi hugmynd stödd, er hún í ferli? Anna Sjöfn er boðin og búin til að koma í skólann og skipuleggja með kennurum og stjórnendum þennan dag og kasta upp hugmyndum hvað væri hægt að gera ef vilji er fyrir því í maí.

-Eru boltarnir sem voru keyptir komnir í notkun fyrir bekkina?

-Reykjaferð on/off? er eitthvað plab B?

-Stjórnin spyr sig hvers vegna enginn kennari eða skólastjórnandi var á tæplega klukkustundar löngum fyrirlestri um lesblindu? og langar að koma að hversu vandræðalegt er að fyrirlesari gat ekki sýnt foreldrum sem mættir voru powerpoint glærur þar sem powerpoint var ekki uppsett í tölvunni sem hún fékk afnot af? Þetta þarf að laga. Fanney formaður foreldrafélagsins þyrfti að lána fyrirlesarar einka tölvuna sína, Fanney hringdi í Heimi sem var staddur á handboltaleik og komst ekki til að redda þessu, þetta var einu orði sagt vandræðaleg uppákoma! Allt annað varðandi salinn var til fyrirmyndar.

-Átti skólinn virkilega ekki lið í skólahreysti? Hver tekur ákvörðun um þetta og hvers vegna er ekki lögð áhersla á að manna skólahreystis lið strax að hausti og stefna að því yfir veturinn? nóg er af flottum krökkum innan skólans.

- Hefur skólinn ekki hugsað fyrir neinum áætlunum um skóla litinn fjólubláan, börnin eru hvött til að mæta í skóla litnum á Fiðring og Skólahreysti en fæstir eiga eitthvað fjólublátt og kannski ekki hlaupið að því rétt fyrir skólaskemmtun að versla. Þann tíma sem formaður hefur setið í foreldrafélagi skólans eða 7 ár hefur aldrei verið komið að máli, svo vitað sé til, við foreldrafélag um að styrkja boli í skólalitnum eða hugmynd að fjáröflun fyrir 10.bekk að selja boli/buff, þetta væri t.d. tilvalið fyrir 10.bekk að sjá um sem fjáröflun og hópefli. Hvernig væri að hefja næsta skólaár á hópefli með Maríu og bolum fyrir nemendur í skóla litunum í lok hópeflis vikunnar, allavega hugmynd?

-Það er iðulega tekið er vel í hugmyndir okkar en svo gerist ekki neitt innan skólans, okkur finnst við gjörsamlega óþörf stjórn, góður bakhjarl en við þurfum að ýta að ykkur peningum og spurning um að leggja bara niður foreldrafélagið með þessu áframhaldi svo þið þurfið ekki að eyða tíma í að svara ábendingum og hugmyndum í póstum frá okkur á 6-8 vikna fresti, þar sem ekkert er svo gert við nema svarað, við getum ekki endalaust ýtt á eftir framkvæmdum hugmynda, þær eru ekki í okkar höndum er það?

Niðurlag póstsins til að draga saman, að heilt yfir erum við í stjórn foreldrafélagsins hugsu og svekktar yfir gangi mála í vetur og að okkar mati ljóst það er mikið svigrúm til bætinga á ýmsum sviðum.

Kær kveðja, Foreldrafélag Naustaskóla